

SKÁTAAÐFERÐIN

Skátaaðferðin samanstendur af átta þáttum sem allir haldast í hendur og vinna sem ein heild að því að ramma inn skátastarfið. Ef það rúmast innan skátaaðferðarinnar, þá er það skátastarf!

Skátalögin, skátaheitið og kjörorð skáta, „Ávallt viðbúin!“

Saman mynda lögin, heitið og kjörorðið siðaboðskap skátanna. Allt okkar starf snýst um að læra að lifa eftir gildunum sem felast í þeim.

Þegar þú gengur í skátana ferð þú með skátaheitið og lofar að halda skátalögin. Þau eru leiðarvísir í lífinu, jafnt innan sem utan skátastarfs. Það er þó ekki þannig að lögin og heitið séu utanbókarlærdómur. Þau eru frekar eins konar hugarfar sem við temjum okkur hægt og rólega. Þau lýsa því hvernig skáti er og vill vera.



Flokkakerfið

Skátaflokkurinn er grunneining skátastarfs og langstærsti hluti skátastarfs á að fara fram í flokknum þar sem skátarnir læra og valdeflast saman.

Stuðningur fullorðinna

Fullorðnir aðstoða og styðja börn og ungt fólk til að skapa lærdómsrík tækifæri í formi samstarfs og stuðnings.

Framfarir einstaklingsins

Skátar taka persónulegum framförum þegar þeir eru meðvitaðir um að með því að takast á við ólík og spennandi viðfangsefni ná þau að gera betur í dag en þau gerðu í gær.

Reynslunám

Skátar þroskast og læra með reynslunámi, með því að prófa sig áfram og læra af því sem þau gera á eigin skinni.

Táknræn umgjörð

Táknræn umgjörð er rauði þráðurinn í skátastarfi. Þema, tákn, sögur, hefðir og fyrirmyndir eru verkfæri sem skátar nota til að tengja saman stórar hugmyndir við ímyndunarafl og þroska skátanna og auðvelda reynslunám.

Náttúran

Lærdómur sem fundinn er í útiveru dýpkar skilning á náttúrunni og tengingu við víðara umhverfi.

Samfélagsþátttaka

Virk rýni, skuldbinding og þátttaka í nærsamfélagi og umheimi, sem stuðlar að auknu þakklæti og skilnings milli fólks.



SKÁTARNIR